


Afstöðumynd ca 1:2000

Grunnur: Loftmyndir ehf




Úr aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018

**Skýringartexti:**

Uppdráttur þessi tekur til jarðarinnar Egilsstaðakots í Flóahreppi, Árnessýslu, landnúmer 166330 , þar sem fyrirhugað er að reisa nýtt geldneytafjós með áburðarkjallara undir + fóðuraðstöðu og síðar ( áfangi 2 ) mjólkurkúafjós vegna búskapar á jörðinni. Stærð geldneytafjóssins ásamt fóðuraðstöðu -1.áfangi- verður ca. 625 fermetrar - geldneytafjós 400 m2 ; fóðuraðstaða 225 m2 - mænishæð yfir gólfi ca 7,0 metrar. Mænisstefna skal vera eins og á núverandi vélageymslu. Í 2. áfanga mun svo rísa ca. 950 m2 mjólkurkúafjós. Áformað er að byggingin verði staðsett á túni norðan við núverandi vélageymslu; geldneytafjósið nyrst með fóðuraðstöðu í suðurenda og síðar verði mjólkurkúafjós byggt sunnan við fóðuraðstöðurýmið þannig að allar þessar byggingar -geldneytafjós, fóðuraðstaða og mjólkurkúafjós- verði undir einu þaki. Nauðsynlegt er að grafa nokkrar prufuholur á svæðinu til þess að ganga úr skugga um að nægileg jarðvegsdýpt sé fyrir hendi fyrir áburðargeymslu undir geldneytafjósinu og staðsetja bygginguna á túninu eftir því. Jafnhliða þarf að ýta jarðvegi til á svæðinu til hæðarjöfnunar. Gert er ráð fyrir að gólfkóti fjóssins verði því næst sá sami og fjárhúss sem stendur á sérgreindri lóð vestan við áformað byggingarsvæði.

*Aðkoma*: Í fyrstu verður aðkoma að geldneytafjósinu um veg sem liggur að núverandi fjárhúsi. Síðar þegar mjólkurkúafjósið verður byggt þyrfti að gera nýjan veg að því frá Urriðafossvegi. Aðkoma mjólkurbíls og fóðurbíls verður þannig greið að fjósinu.

*Fornleifar:* Ekki er kunnugt um neinar fornleifar á fyrirhuguðu byggingarsvæði. Komi áður óþekktar fornleifar í ljós við uppgröft á svæðinu skal þegar í stað tilkynna það til Fornleifaverndar ríkisins. Óheimilt er að raska fornleifum.

*Veitur:* Kalt vatn í nýbyggingu verður lagt frá núverandi vatnslögn bæjarins. Frárennsli frá salerni (í byggingaráfanga 2) verður leitt í rotþró. Rafmagn verður leitt frá núverandi aðaltöflu á bænum.

*Fyrirliggjandi skipulag:* Staðfest aðalskipulag Flóahrepps 2006 - 2018 þar sem viðkomandi svæði er skilgreint sem landbúnaðarland.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
08. sep. 2016
[signature]
Byggingarfulltrúi

Uppdráttur þessi var samþykktur í sveitarstjórn Flóahrepps skv. 1. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010 þann ____________________

____________________

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Verk: **Egilsstaðakot - 166330 - Flóahreppi Árn.** | | | | |
| Verkhluti: Afstöðumynd vegna fjósbyggingar | | | | Netfang: tso@simnet.is |
| Teikn nr: A-01 | Dags: 01.04.2016 | Mælikvarði: 1:2000 | Tæknibjónusta ehf<br>kt: 601200-2440 | Farsími 899-7864 - Sæmundur<br>Farsími 863-3184 - Magnús<br>tölvuskráningarnumer: |
| Verknr: | | | Suðurlandsbraut 10. 2.hæð<br>Sími: 5533700 | |
| Hannað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959 | Teiknað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959 | | Áritun aðalhönnuðar: | Sæmundur Óskarsson 180160-3109 [signature] |

9204